

Elkem Ísland ehf.
Grundartanga
301 Akranes

Reykjavík, 3. ágúst 2022
UST202203-023/M.H.G.
08.07.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17.05.2022 – Elkem Grundartanga

Þann 17. maí sl. fór fram eftirlit í kísiljárnverksmiðju Elkem Ísland á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 2.6 í starfsleyfi. Ryk í mölunarlínu 1 (í pökkunarhúsi (k)(2) var yfir starfsleyfismörkum, þar sem meðaltal ryklosunar var 46,0 mg/Nm³ en starfsleyfismörkin eru 20 mg/Nm³.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. ágúst 2022.

Virðingarfyllst,

Margrét Helga Guðmundsdóttir
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur